

Ed.

550. Frumvarp til laga

[342. mál]

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo:

Leiga lausafjármuna í atvinnuskyni telst einnig verslun samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðilar, sem sannanlega stunda leigu lausafjármuna í atvinnuskyni við gildistöku laganna eða hafa á þeim tíma sannanlega lagt í umtalsverðan kostnað við undirbúning slíks reksturs án þess að hafa verslunarleyfi skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna sækja um slíkt leyfi. Skal leyfið veitt þótt þeir fullnægi ekki kröfum 4. gr. laganna að öllu leyti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hefur það fæst í vöxt að ýmsir aðilar selji lausafjármuni á leigu í atvinnuskyni. Slík atvinnustarfsemi, t. d. leiga myndbanda, er oft umsvifamikil og svipar henni um margt til verslunarreksturs. Þó hafa sjaldnast verið gerðar kröfur til rekstrarleyfis. Í gildandi lögum um verslunaratvinnu segir að tilgangur þeirra sé m. a. að tryggja að þeir aðilar, sem fást við verslun, séu búnir þeim hæfileikum að þeir geti uppfyllt skyldur sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu. Þar er stefnt að því að viðkomandi aðilar hafi þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum varðandi verslunarrekstur sem telja má nauðsynlega til að reka slíka starfsemi. Eðlilegt sýnist að sömu kröfur séu gerðar til þeirra aðila sem fást við leigu á lausafjármunum í atvinnuskyni. Leyfisbinding starfseminnar stuðlar m. a. að því að lög og reglur viðkomandi henni séu fremur virtar þar eð ella kann t. d. að vera hætt á því að réttur til leigu lausafjármuna í atvinnuskyni sé dæmdur af hlutaðeigandi, sbr. 2. mgr. 68. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að verslunarleyfi þurfi til leigu lausafjármuna í atvinnuskyni, t. d. myndbanda, áhalda og bíla. Þó eru gerðar vægari kröfur til þeirra, sem sannanlega stunda slíka starfsemi við gildistöku laganna eða hafa á þeim tíma sannanlega lagt í umtalsverðan kostnað við undirbúning slíks reksturs án þess að hafa verslunarleyfi. Ekki er gert ráð fyrir því að þeir sem stunda leigu lausafjármuna í atvinnuskyni en hafa verslunarleyfi geri sérstakar ráðstafanir vegna gildistöku laganna.

Eins og málum er nú háttáð er ekki skylt að láta skrá fyrirtæki sem leigja út lausafjármuni nema um sé að ræða hlutafélög en þau eru skráð hjá hlutafélagaskrá. Verði frumvarpið að lögum verður það hins vegar almenn skylda að láta skrá þessi fyrirtæki, sbr. 1. og 16. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.